



Umsögn

Efni: Tillaga um aðgengi að ársreikningi borgarinnar
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Á fundi borgarráðs þann 27. apríl sl. var meðfylgjandi tillögu vísað til fjármálaskrifstofu til umsagnar:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að vinnulagi meirihlutans varðandi aðgengi borgarfulltrúa að ársreikningi borgarinnar verði breytt þannig að allir borgarfulltrúar fái ársreikning á lykli á sama tíma en ekki einungis borgarráðsfulltrúar sem hafa lögbundið hlutverk varðandi afgreiðslu ársreiknings til ytri endurskoðunar. Núverandi vinnulag þýðir að helmingur borgarfulltrúa hefur ekki tækifæri til að rýna ársreikninginn og undirbúa sig með sama hætti og fulltrúar í borgarráði.

Borgarráð óskaði í framhaldinu eftir umsögn fjármálaskrifstofu um tillöguna.

Umsögn:

Samkvæmt 35. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fer borgarráð ásamt borgarstjóra með fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Þetta felur m.a. í sér að borgarráð sér samkvæmt sama ákvæði um að ársreikningur sveitarfélagsins sé samin í samræmi við reglur og lög um ársreikninga. Í 61. grein sömu laga er áskilið að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sveitarfélags, efnahag og breytingu á handbæru fé á viðkomandi ári. Í ársreikningi skal koma fram samanburður við ársreikning undanfarins árs og við upphaflega fjárhagsáætlun ársins. Í skýringum skal gera sérstaklega grein fyrir ástæðum verulegra frávika um útgjöld og tekjur frá því sem ákveðið var með samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir viðkomandi ár. Ársreikning skal leggja fram fullgerðan og tilbúinn til endurskoðunar í borgarráði fyrir 15. apríl ár hvert og um hann skulu vera a.m.k. tvær umræður í borgarstjórn. Borgarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess ekki síðar en 15. maí ár hvert. Þannig koma fram í sveitarstjórnarlögum skýrar skilgreiningar á hlutverkum borgarráðs annars vegar og borgarstjórnar hins vegar hvað varðar ábyrgð á undirbúningi, gerð og afgreiðslu ársreiknings sveitarfélagsins, þ.e. borgarsjóðs og samstæðu borgarinnar.

Af þessum sökum er ársreikningur A-hluta og samstæðu borgarinnar lagður fyrst fram í borgarráði fyrir 15. apríl ár hvert fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar að mati fjármálastjóra og endurskoðunarnefndar og hlutverk borgarráðs er að vísa ársreikningi til endurskoðunar. Á þessu stigi telst ársreikningurinn vera frumvarp en ekki nauðsynlega endanlegur ársreikningur. Það sem getur orðið til að breyta honum eru t.d. ábendingar ytri endurskoðenda á grundvelli endurskoðunar þeirra, ábendingar endurskoðunarnefndar eða nýjar upplýsingar sem kalla á breytingar. Af þessum sökum gildir trúnaður um framlagt frumvarp fram að því að ársreikningur telst tilbúinn til umræðu og afgreiðslu. Borgarráð ber sem framkvæmdastjórn sveitarfélagsins ábyrgð á því að endurskoðaður og endanlegur ársreikningur liggi tímanlega fyrir til umræðu og afgreiðslu í borgarstjórn. Þetta vinnulag er til að tryggja að gæði ársreiknings og fylgigagna uppfylli ávallt lagaskyldur.



Með hliðsjón af ofangreindu fer það ekki saman við skýr lagaákvæði um skyldur borgarráðs að birta öðrum, þar með talið borgarfulltrúum sem ekki sitja í borgarráði, frumvarp að ársreikningi fyrr en ársreikningurinn telst tilbúinn til umræðu og afgreiðslu í borgarstjórn.

Í þessu samhengi er líka rétt að benda á að Reykjavíkurborg er útgefandi að fjármálagerningum í kauphöll og ber sem slík ríka ábyrgð á því hvernig farið er með verðmyndandi fjárhagsupplýsingar eins og ársreikning A-hluta og samstæðu borgarinnar. Mikilvægt er í þessu tilliti að opinber birting og umfjöllun um ársreikningi og fylgigögn hans gerist ekki fyrr en hann er fullbúinn og þá með opinberri tilkynningu til kauphallar.

Það vinnulag var tekið upp við framlagningu ársreiknings 2015 og aftur við framlagningu ársreiknings 2016 að kappkostað var að flýta vinnsluferlinu og haldinn var sérstakur borgarráðsfundur fyrir alla borgarfulltrúa til að kynna niðurstöður ársreikningsins áður en honum var vísað til umræðu og afgreiðslu í borgarstjórn og birtur í kauphöll. Fengu allir borgarfulltrúar tækifæri á þessum fundi til að heyra kynningar fjármálaskrifstofu, ytri endurskoðanda, innri endurskoðanda og endurskoðunarnefndar og spyrja þessa aðila um efnið. Það er mat undirritaðs að með þessum hætti hafi verið gengið verulega til móts við þá tillögu að breyttu vinnulagi sem hér er til umfjöllunar en að ekki verði lengra gengið að óbreyttum lögum og reglum.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri